

Skipulag:

Fundarboðandi: Jón Kolbeinn Jónsson
Fundarstjóri: Þóra J. Jónasdóttir
Fundarritari: Þóra J. Jónasdóttir

Fundarstaður: Teams/tölvupóstsamskipti
Dagsetning: 26. maí 2026
Fundartími: 15.00-16.00

Fjarverandi:

Þátttakendur:

Þóra J. Jónasdóttir (yfirdýralæknir og formaður Fisksjúkdómanefndar), Guðni Magnús Eiríksson (f.h. Fiskistofu), Árni Kristmundsson (f.h. Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum), Guðni Guðbergsson og Rakel Guðmundsdóttir (f.h. Hafrannsóknarstofnunar) og Jón Kolbeinn Jónsson og Hulda Soffía Jónasdóttir (sérgreinadýralæknar/sérfræðingur fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun)

Dagskrá:

Umsókn frá Arnarlax um að meðhöndla allt að 19 kvíum á eldissvæðið að Laugardal í Tálknafirði með Salmosan

Umræða:

Rekstraraðili hefur orðið var við vaxandi fjölda kynþroska kvenkyns laxlúsa á eldisfiski að Laugardal. Út frá velferð eldisfiska er mikilvægt að kvenkyns laxalús sé haldið í lágmarki með hækkandi hitastigi sjávar til að halda smítalagi sem minnstu í byrjun lúsatímabilsins. Sótt er um lyfjaböðun í tjaldúk eða í brunnbát og sótt er um að meðhöndla allar kvíar svo hægt sé að aflúsa svæðið hratt ef fiskurinn þolir illa aðrar aðferðir til aflúsunar. En stefnt er að meðhöndlun án lyfja í eins mörgum kvíum og hægt er. Lyfjanæmnisprófun sýnir að næmni fyrir lyfjameðhöndlun er skert, en talið er að lengri meðhöndlunartími geti gefið betri árangur en næmnispróf segi til um.

Niðurstaða:

Fisksjúkdómanefnd veitir jákvæða umsögn um að lyfjameðhöndlun með Salmosan verði heimiluð en þá takmörkuð við þær sex kvíar sem er brýnast að meðhöndla með lyfjum út frá heilbrigðisástandi. Aðrar kvíar skal reyna að aflúsa með öðrum hætti til að takmarka notkun lyfja eins og kostur er.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi var slitið kl 16.00